

GΛΜΜΛ

## Útboðslýsing

### Fjárfestingarsjóður GAMMA

Maí 2017

#### Sjóðsdeildir

GAMMA: Total Return Fund

GAMMA: Equity Fund

GAMMA: Credit Fund

GAMMA: Covered Bond Fund

GAMMA: Liquid Fund

GAMMA: Global Invest


GAMMA Capital Management hf.,  
kt. 530608-0690, Garðastræti 37, 101 Reykjavík

# GAMMA

GAMMA Capital Management hf., kt. 530608-0690, Garðastræti 37, 101 Reykjavík,  
lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund í fullu samræmi við  
staðreyndir.

Útboðslýsing þessi er gerð í samræmi við reglugerð nr. 792/2003, um  
verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og 51. gr. og 52. gr. laga nr. 128/2011 um  
verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

f.h. stjórnar

  
\_\_\_\_\_  
Valdimar Ármann,  
forstjóri

# GAMMA

## 1. Upplýsingar um fjárfestingasjóð

### 1.1. Heiti

Sjóðurinn heitir Fjárfestingarsjóður GAMMA.

### 1.2. Stofndagur

Sjóðurinn var stofnaður í október 2011. GAMMA Capital Management hf. annast rekstur sjóðsins. GAMMA Capital Management hf. starfar samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011.

### 1.3. Deildarskipting

Fjárfestingarsjóður GAMMA er deildarskiptur og starfar í sex sjóðsdeildum. Sjóðsdeildirnar heitir:

- GAMMA: Total Return Fund (GAMMA: TRF), kt. 541211-9930.
- GAMMA: Equity Fund (GAMMA: EQF), kt. 450213-9850.
- GAMMA: Credit Fund (GAMMA: CRF), kt. 450213-9770.
- GAMMA: Covered Bond Fund (GAMMA: CBF), 501214-9810.
- GAMMA: LIQUID Fund (GAMMA: LIQUID), kt. 650615-9990.
- GAMMA: Global Invest (GAMMA: GLOBAL), kt. 541016-9960

Sjóðsdeildirnar hafa aðskilinn fjárhag innan rekstrarfélagsins og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum.

### 1.4. Reglulegar skýrslur og upplýsingar

Allar upplýsingar um fjárfestingarsjóðinn, útgefnar skýrslur, ársreikninga, útboðslýsingu og reglur má nálgast án endurgjalds hjá GAMMA Capital Management hf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík, fyrir og eftir samningagerð.

### 1.5. Skattaleg staða

Um skattalega meðferð hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðnum fer eftir lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þau eru skýrð á hverjum tíma og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér stöðu sína skattalega og er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila á því sviði, s.s. lögfræðinga eða endurskoðenda.

Fjárfestingarsjóðurinn er ekki sjálfstæður skattaðili og er því ekki skattlagður sérstaklega. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eru hins vegar skattlagðir við innlausn þeirra.

Gengishækkun hlutdeildarskírteina færst til tekna við innlausn eða þegar þau eru laus til ráðstöfunar. Slíkar tekjur færast sem vaxtatekjur í samræmi við 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

GAMMA Capital Management hf. er skylt við innlausn hlutdeildarskírteina að halda eftir fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum eigenda hlutdeildarskírteina og skila í ríkissjóð samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af GAMMA Capital Management hf. eru undanþegin stimpilgjaldi.

Frekari skattlagning kann að eiga við einstaka fjárfesta, t.d. erlenda, með hliðsjón af þeim reglum sem kunna að eiga við um þá í hverju og einu tilviki.

### 1.6. Birting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar

# GAMMA

Eins og skilt er skv. 49. gr. laga nr. 128/2011 birtast sérgreindar upplýsingar fyrir Fjárfestingarsjóð GAMMA í ársreikningi GAMMA Capital Management hf. Reikningsár GAMMA Capital Management hf. er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok apríl ár hvert og árshlutauppgjör skal vera birt fyrir septemberlok og er aðgengilegur viðskiptamönnum sjóðsins, sbr. 1.4. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðanda. Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af verðbréfum í eigu Fjárfestingarsjóðsins verður ekki greiddur út heldur ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðsins og þ.a.l. bætt við höfuðstól hverrar sjóðsdeildar.

## **1.7. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina**

GAMMA Capital Management hf. annast útgáfu hlutdeildarskírteina í einingaformi til þeirra aðila sem eiga tilkall til hlutdeilda í viðkomandi sjóðsdeild. Hlutdeildarskírteini eru skráð á nafn eða á safnreikning hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki og er undirritað af stjórn GAMMA Capital Management hf. GAMMA Capital Management hf. er ekki skilt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því. Verði hlutdeildarskírteinin gefin út sem rafbréf gilda um útgáfuna lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í 24. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er tekið fram hvaða atriði skulu koma fram í hlutdeildarskírteini. Þar skulu koma fram heiti sjóðs, vörlufyrtækis og rekstrarfélags, nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis, hvernig hlutdeildarskírteini verður innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur. Þá er nafn og kennitala framsalshafa tilgreint hafi skírteinin gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Allir eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda sem GAMMA Capital Management hf. hefur umsjón með eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeilda í hlutfalli við eign sína og gilda skírteinin sem staðfesting á tilkalli til eignar í sjóðsdeildinni.

Hlutdeildarskírteini fylgir ekki atkvæðisréttur og hafa eigendur hlutdeildarskírteina því hvorki rétt til áhrifa á fundum í GAMMA Capital Management hf. né á starfsemi Fjárfestingarsjóðs GAMMA eða einstakra sjóðsdeilda hans.

Sé ekki gefið út hlutdeildarskírteini, sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna, fá eigendur kaupkvittun þar sem fram kemur m.a. nafn og kennitala eiganda, heiti sjóðs og sjóðsdeilda, kaupfjárhæð og einingaverð.

## **1.8. Um samruna Fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeilda**

Stjórn GAMMA Capital Management hf. tekur ákvörðun um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við annan fjárfestingarsjóð eða einstakra sjóðsdeilda hans innan Fjárfestingarsjóðs GAMMA. Stjórnin skal gæta þess í allri framkvæmd að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og kalla til óháðan aðila til að fara yfir og leggja mat á samrunann og þau kjör sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði.

Við sameiningu sjóðsdeilda við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinaðri sjóðsdeild í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Ef eigendur hlutdeildarskírteina eru ekki sáttir við ákvörðun stjórnar GAMMA Capital Management geta þeir farið fram á að eign sín verði innleyst og fengið andvirðið greitt samkvæmt reglum viðkomandi sjóðsdeilda. Hlutdeildarskírteinishafar hafa 3 vikna frest til þess að taka afstöðu til breytinganna

# GAMMA

og skulu þeir eiga rétt á að innleysa hlutdeildarskírteini sín innan þess tíma óski þeir þess.

## **1.9. Um slit Fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeilda**

Stjórn GAMMA Capital Management hf. tekur ákvörðun um slit sjóðsins eða einstakra sjóðsdeilda hans. Ástæður sem gætu legið að baki slíkri ákvörðun er t.d. ef stærð sjóðsdeilda fer undir lögbundna lágmarksfjárhæð eða ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa eru best varðir með því að slíta sjóðnum.

Rekstrarfélag sjóðsins skal koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Rekstrarfélagini er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa, á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eignanna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélagini til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímablibs skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til faldar vörlufyrirtæki sjóðsins.

## **1.10. Skráning hlutdeildarskírteina**

Viðskipti með hlutdeildarskírteini fara ekki fram á skipulegum verðbréfamörkuðum og eru hlutdeildarskírteini því hvorki tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange á Íslandi hf. né öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

## **1.11. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina**

Hlutdeildarskírteini verða eingöngu sold gegn staðgreiðslu kaupverðs. GAMMA Capital Management hf. annast um útgáfu hlutdeildarskírteina í einingaformi til þeirra aðila sem eiga tilkall til hlutdeilda í viðkomandi sjóðsdeild. Heimilt er að gefa skírteinin út sem rafbréf.

T Plús hf. hefur umsjón með útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina fyrir hönd rekstrarfélagsins. Kaupandi/eigandi hlutdeildarskírteinis í sjóðnum sendir, fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis, fyrirmæli um kaup/innlausn í sjóðnum til T Plús hf. T Plús hf. framkvæmir viðskiptauppgjör.

Viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum fara fram á virkum dögum frá kl. 9 til kl. 14. Uppgjör fer fram á öðrum virka degi eftir að viðskiptapöntun er lögð fram (T+2). Undantekning frá þessu er uppgjör vegna sölu í GAMMA: CRF sem fer fram á tíunda virka degi (T+10).

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag viðskipta með hlutdeildarskírteini er hægt að nálgast hjá GAMMA Capital Management hf. eða á heimasíðu rekstrarfélagsins.

## **1.12. Tilhögun og skilyrði fyrir innlausn/flutningi hlutdeildarskírteina og við hverjar aðstæður megi fresta innlausn**

GAMMA Capital Management hf. innleysir hlutdeildarskírteini að kröfu þeirra sem eiga hlutdeild í einstökum sjóðsdeildum.

Allar upplýsingar um kostnað við kaup og sölu hlutdeildarskírteina, innlausnargengi og aðrar upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir eigendur hlutdeildarskírteina eru birtar á heimasíðu GAMMA Capital Management hf., [www.gamma.is](http://www.gamma.is).

# GAMMA

GAMMA Capital Management hf. er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestunin skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og annarra staðfestinga á hlutdeild að sjóðnum. Henni verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess.

Ef krafa um innlausn hefur borist frá það mörgum fjárfestum að ljóst er að selja þurfi eignir sem ekki muni takast að selja strax, er heimilt að fresta innlausn, til þess tíma að það tekst að selja nægilegar eignir til þess að uppfylla kröfu um innlausn. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitnu. Um innlausn og frestun að öðru leyti gildir 58. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

## **1.13. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna**

Við útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðsdeildum er farið eftir 58. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, auk þeirra stjórnvaldsreglna sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á Íslandi. Innlausnarvirði þeirra sem eiga hlutdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsdeildarinnar við innlausn, svo sem skuldum hennar við innlásstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefínna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Allur hagnaður og arður af verðbréfaeign einstakra sjóðsdeilda, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur sjóðsdeildarinnar leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðsdeildum.

## **1.14. Upplýsingar um fjárfestingar**

Hver sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs GAMMA hefur sína eigin fjárfestingarstefnu. Sjóðsdeildir eru bundnar af fjárfestingarstefnu eins og hún er sett fram í reglum Fjárfestingarsjóðs GAMMA með hliðsjón af þeim fjárfestingarheimildum sem koma fram í 59. gr. laga nr. 128/2011 (sjá fylgiskjal nr. 1). Er sjóðstjórum óheimilt að víkja frá þeim reglum er þar koma fram.

Fjárfestingarstefna sjóðsdeilda er uppbyggð á ólíkan hátt og því geta fjárfestingarmarkmið sjóðsdeilda verið mismunandi. Markmið þessi fela í sér þær áherslur sem stjórn GAMMA Capital Management hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum einstakra sjóðsdeilda. Stjórn GAMMA Capital Management hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt markmiðum þessum hvenær sem er en allar breytingar skulu sendar Fjármálaeftirlitnu til samþykktar. Breyting á fjárfestingarstefnu felur í sér breytingu á reglum Fjárfestingarsjóðsins og öðlast breyting því ekki gildi fyrr eftir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og hefur Fjármálaeftirlitið heimild til þess að fresta gildistökunni um allt að þrjá mánuði, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011. Rekstrarfélaginu ber að tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins.

## **1.15. Fjárfestingarmarkmið og stefna sjóðsdeilda**

### **(A) GAMMA: Total Return Fund (GAMMA: TRF)**

GAMMA: TRF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

# GAMMA

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á fjármálamaðurinn, (aðallega á Íslandi en sjóðurinn hefur þó einnig heimild til þess að fjárfesta í erlendum eignum svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum), hvort sem er með beinni fjárfestingu í hlutabréfum, skuldabréfum eða í gegnum aðra sjóði. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu og sem þátt í fjárfestingastefnu.

GAMMA: TRF er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, innlánnum fjármálfyrirtækja og afleiðum.

Fjárfestingarstefna og heimildir eru nánar útlistaðar í töflu hér að neðan.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru útvíkkaðar frá heimildum verðbréfasjóða í 59. gr. laga nr. 128/2011. Reglur sjóðsins fylgja þeim heimildum sem lögin kveða á um fyrir fjárfestingasjóði að meginstefnu en takmarka eða brengja í sumum atriðum heimildir sjóðsins til fjárfestinga frá viðmiðum laganna. Markmið sjóðsins er þó að hafa umtalsverðan sveigjanleika til þess að nýta heimildir þessar í þeim tilgangi að hámarka ávöxtun sjóðsins, að teknu tilliti til áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni, í samræmi við fjárfestingastefnu og markmið.

Sveigjanleiki sjóðsins felst í því að geta fært sig á milli eignaflokka eftir því sem sjóðsstjóri telur hagstæðastan hverju sinni. Þó getur sjóðurinn að hámarki bundið samtals 60% í innlendum skráðum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum og að hámarki 50% í erlendum skráðum verðbréfum eða sjóðum. Skuldabréf og víxlar með ríkisábyrgð, innlend skráð skuldabréf og víxlar og innlendir skuldabréfasjóðir skulu að lágmarki vera 30% af heildareignum sjóðsins.

## *Skráð verðbréf og nýútgefin verðbréf*

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða uppfylla að öðru leyti skilyrði í 1. tl. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011. Þó getur sjóðurinn að hámarki bundið 50% í innlendum skráðum hlutabréfum og að hámarki 50% í erlendum skráðum verðbréfum. Innlend skráð skuldabréf og víxlar án ríkisábyrgðar skulu að lágmarki vera 10% af heildareignum sjóðsins, en að hámarki 50%.

## *Fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu þ.e. verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, en þó að hámarki 20% í einstaka sjóði. Í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, þ.e. fagfjárfestasjóðum, má fjárfesta að hámarki 20% af eignum sjóðsins. Eignir í erlendum sjóðum sem hvorki teljast verðbréfasjóðir (UCITS) né AIF sjóðir (Alternative Investment Funds) mega að hámarki vera 0-5%, en þó má fjárfesting í slíkum sjóðum auk íslenskra fagfjárfestasjóða ekki fara yfir 20%. Sjóðurinn má fjárfesta í erlendum eða innlendum fagfjárfestasjóðum en þó með því skilyrði að heildarfjárfestingar í erlendum verðbréfum eða sjóðum nemi ekki meiru en 50% af eignum sjóðsins.

Samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðsins er honum heimilt að binda allt að 30% af heildareignum sjóðsins í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða í skuldabréfum, allt að 30% í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða í hlutabréfum, og allt að 20% í hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af fagfjárfestasjóði. Sjóður um skuldabréf er hér skilgreindur sem sjóður

# GΛΜΜΛ

sem hefur fjárfestir meginhluta eigna sinna í skuldabréfum og sjóður um hlutabréf er skilgreindur sem sjóður sem fjárfestir meginhluta eigna sinna í hlutabréfum.

Við fjárfestingar sjóðsins í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða verður horft til fjárfestingarstefnu sjóðsins og verður undirliggjandi verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum þeirra skipt upp og sundurliðað í samræmi við töflu hér að neðan er sýnir fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Jafnframt er sjóðnum heimilt að fjárfesta allt að 35% eigna sinna í erlendum hlutdeildarskírteinum um sameiginlega fjárfestingu þ.e. verðbréfasjóðum (allt að 15%) og Alternative Investment Funds (AIF) (allt að 20%).

## *Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningmarkaðsgerningum*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 3. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að fjárfesta 30% af eignum sjóðsins í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Sjóðnum er þó ekki heimilt, samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni, að binda meira en 15% með beinni fjárfestingu í óskráðum hlutabréfum, og ekki meira en 15% í óskráðum skuldabréfum og víxlum.

## *Takmörkun á fjárfestingu í einstökum útgefanda*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda (sbr. þó lægri takmörkun fyrir óskráð hlutabréf). Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálfyrirtækis.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þó er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Samanlögð fjárfesting í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Ofangreindar takmarkanir er ekki hægt að leggja saman.

## *Skortsala*

Sjóðurinn hefur heimild, sbr. 7. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til skortsölu á skráðum verðbréfum. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins.

## *Traust verðbréf*

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 80% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í slíkum tilvikum, þegar framangreind heimild er nýtt, skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta

# GΛΜΜΛ

kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, í samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 30/2003.

## Lántaka

Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

## Laust fé

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignarhluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

## Afleiður

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu eða að minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins.

Fjárfestingarsjóði er ávallt skyld að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Metið hámarkstap af afleiðum má að hámarki nema 60% af hreinni eign sjóðsins og getur því heildaráhætta fjárfestingarsjóðsins numið 160% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til lántöku á grundvelli 6. mgr. 59. gr laga 128/2011 og getur því heildaráhætta, ef lántökuheimild er einnig nýtt, verið allt að 185% af af hreinni eign sjóðsins.

Viðmið afleiðna sem sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í eru auk fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingarheimildir sjóðsins; verðbréfavísítölur, vextir og verðtrygging, og gengi erlendra gjaldmiðla að því marki sem slíkir samningar eru heimilir að lögum á hverjum tíma.

Fjárfestingar sjóðsins í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsins og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

Mótaðilaáhætta sjóðsins er takmörkuð með því að sjóðnum er aðeins heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í valréttarsamningum (kaup- og söluréttir), skiptasamningum, framvirkum samningum.

## Sundurliðun fjárfestingarheimilda

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er nánar kveðið á um hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

# GAMMA

Neðangreind tafla sýnir heimildir sjóðsins til fjárfestinga í einstökum tegundum fjármálagerninga og miðast við hlutfall af heildareignum sjóðsins á hverjum tíma. Athuga ber að ekki er hægt að leggja saman allar neðangreindar heimildir og er vísað í umfjöllun í útboðslýsingu þessari um takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður.

<i>1. Skuldabréf og víxlar, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði.</i>	<i>10 – 80%</i>
<i>2. Innlend skráð hlutabréf.</i>	<i>0 – 30%</i>
<i>3. Innlend skráð skuldabréf og víxlar (önnur en skv. 1.).</i>	<i>10 – 50%</i>
<i>4. Erlend skráð verðbréf.</i>	<i>0 – 15%</i>
<i>5. Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu verðbréfasjóðir.</i>	<i>0 – 15%</i>
<i>6. Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, AIF sjóðir</i>	<i>0 – 20%</i>
<i>7. Innlán fjármálafyrirtækja.</i>	<i>0 – 30%</i>
<i>8. Óskráð skuldabréf og víxlar (önnur en skv. 1.).</i>	<i>0 – 15%</i>
<i>9. Óskráð hlutabréf.</i>	<i>0 – 15%</i>
<i>10. Skuldabréfasjóðir þ.e. hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta að meginhluta í skuldabréfum þ.e. verðbréfasjóðir eða fjárfestingsarsjóðir.</i>	<i>10 – 30%</i>
<i>11. Hlutabréfasjóðir þ.e. hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta að meginhluta í hlutabréfum þ.e. verðbréfasjóðir eða fjárfestingsarsjóðir.</i>	<i>0 – 30%</i>
<i>12. Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu þ.e. fagfjárfestasjóðir.</i>	<i>0 – 20%</i>
<i>13. Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.</i>	<i>0 – 5%</i>
<i>14. Afleiður.</i>	<i>0 – 60%</i>

## (B) GAMMA: Equity Fund (GAMMA: EQF)

GAMMA: EQF er fjárfestingsarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingsarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum hlutabréfamarkaði í skráðum hlutabréfum að meginstefnu og að nokkru leyti í óskráðum hlutabréfum. Með skráðum hlutabréfum er í reglum þessum átt við fjármálagerninga sem viðskipti eru með í Kauphöllinni á Íslandi þ.e. NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North Iceland. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu og sem þátt í fjárfestingastefnu.

GAMMA: EQF er fjárfestingsarsjóður sem hefur heimild til fjárfestinga í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum fjármálafyrirtækja og afleiðum. Fyrst og fremst verður um að ræða fjárfestingu í skráðum hlutabréfum, útgefnum á íslenskum fjármálamarkaði.

# GΛΜΜΛ

Fjárfestingarstefna og heimildir eru nánar útlistaðar í töflu hér að neðan.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru útvíkkaðar frá heimildum verðbréfasjóða í 59. gr. laga nr. 128/2011. Reglur sjóðsins fylgja þeim heimildum sem lögin kveða á um fyrir fjárfestingasjóði að meginstefnu en takmarka eða brengja í sumum atriðum heimildir sjóðsins til fjárfestinga frá viðmiðum laganna. Markmið sjóðsins er þó að hafa umtalsverðan sveigjanleika til þess að nýta heimildir þessar í þeim tilgangi að hámarka ávoxtun sjóðsins, að teknu tilliti til áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni, í samræmi við fjárfestingastefnu og markmið.

## *Skráð verðbréf og nýútgefin verðbréf*

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða uppfylla að öðru leyti skilyrði í 1. tl. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011. Sjóðurinn getur að fullu fjárfest eignir í innlendum skráðum hlutabréfum og skulu að lágmarki vera 25% af heildareignum sjóðsins. Heimilt er að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum, gefnum út af ríkissjóði, eða aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðum með ríkisábyrgð, að hámarki 75%. Sjóðurinn áætlar að nýta sér heimild til fjárfestinga í ríkistryggðum skuldabréfum sem hluta af áhættustýringu og áhættuvörnum ef sjóðsstjóri telur það vera til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa að minnka vægi hlutabréfa í sjóðnum.

## *Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningmarkaðsgerningum*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 3. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að fjárfesta 25% af eignum sjóðsins í óskráðum hlutabréfum. Fjárfesting í hlutabréfum eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

## *Takmörkun á fjárfestingu í einstökum útgefanda*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda (sbr. þó lægri takmörkun fyrir óskráð hlutabréf). Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 50% af eignum sjóðs í innlánnum fjármálafyrirtækja en þó er einungis heimild að binda 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Sjóðurinn áætlar að nýta sér heimild til fjárfestinga í innlánnum sem hluta af áhættustýringu og áhættuvörnum ef sjóðsstjóri telur það vera til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa að minnka vægi hlutabréfa í sjóðnum.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þó er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Samanlögð fjárfesting í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Ofangreindar takmarkanir er ekki hægt að leggja saman.

*Skortsala*

# GΛΜΜΛ

Sjóðurinn hefur heimild, sbr. 7. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til skortsölu á skráðum verðbréfum. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins.

## *Traust verðbréf*

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 75% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í slíkum tilvikum, þegar framangreind heimild er nýtt, skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfu og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, í samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 30/2003.

## *Laust fé*

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignarhluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

## *Lántaka*

Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

## *Afleiður*

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu eða að minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins.

Fjárfestingarsjóði er ávallt skyld að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Metið hámarkstap af afleiðum má að hámarki nema 25% af hreinni eign sjóðsins og getur því heildaráhætta fjárfestingarsjóðsins numið 125% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til lántöku á grundvelli 6. mgr. 59. gr laga 128/2011 og getur því heildaráhætta, ef lántökuheimild er einnig nýtt, verið allt að 150% af af hreinni eign sjóðsins.

Viðmið afleiðna sem sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í eru auk fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingaheimildir sjóðsins; verðbréfavísítölur, vextir og verðtrygging.

Fjárfestingar sjóðsins í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsins og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

Mótaðilaáhætta sjóðsins er takmörkuð með því að sjóðnum er aðeins heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

# GAMMA

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í valréttarsamningum (kaup- og söluréttir), skiptasamningum og framvirkum samningum.

## *Sundurliðun fjárfestingarheimilda*

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er nánar kveðið á um hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Neðangreind tafla sýnir heimildir sjóðsins til fjárfestinga í einstökum tegundum fjármálagerninga og miðast við hlutfall af heildareignum sjóðsins á hverjum tíma. Athuga ber að ekki er hægt að leggja saman allar neðangreindar heimildir og er vísað í umfjöllun í útboðslýsingu þessari um takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður.

<i>1. Innlend skráð hlutabréf.</i>	25 - 100%
<i>2. Skuldabréf og víxlar, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðaláanasjóði.</i>	0 - 75%
<i>3. Innlán fjármálafyrirtækja.</i>	0 - 50%
<i>4. Óskráð hlutabréf.</i>	0 - 25%
<i>5. Afleiður.</i>	0 - 25%

## **(C) GAMMA: Credit Fund (GAMMA: CRF)**

GAMMA: CRF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum skuldabréfamarkaði með og án ríkisábyrgðar. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu.

GAMMA: CRF er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum til áhættuvarna. Fyrst og fremst verður um að ræða fjárfestingu í fjármálagerningum, s.s. skuldabréfum og víxum, útgefnunum á íslenskum fjármálamarkaði af íslenskum fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) eða opinberum aðilum.

Fjárfestingarstefna og heimildir eru nánar útlistaðar í töflu hér að neðan.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru útvíkkaðar frá heimildum verðbréfasjóða í 59. gr. laga nr. 128/2011. Reglur sjóðsins fylgja þeim heimildum sem lögin kveða á um fyrir fjárfestingasjóði að meginstefnu en takmarka eða þrengja í sumum atriðum heimildir sjóðsins til fjárfestinga frá viðmiðum laganna. Markmið sjóðsins er þó að hafa umtalsverðan sveigjanleika til þess að nýta heimildir

# GΛΜΜΛ

þessar í þeim tilgangi að hámarka ávöxtun sjóðsins, að teknu tilliti til áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni, í samræmi við fjárfestingastefnu og markmið.

## *Skráð verðbréf og nýútgefin verðbréf*

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða uppfylla að öðru leyti skilyrði í 1. tl. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011. Innlend skráð skuldabréf og víxlar sem ekki njóta ríkisábyrgðar skulu að lágmarki vera 25% af heildareignum sjóðsins, og að hámarki 100%. Heimilt er að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum með ríkisábyrgð að hámarki 50% af eignum sjóðsins.

## *Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningmarkaðsgerningum*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 3. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að fjárfesta 25% af eignum sjóðsins í óskráðum skuldabréfum og víxlum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

## *Takmörkun á fjárfestingu í einstökum útgefanda*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda (sbr. þó lægri takmörkun fyrir óskráð verðbréf). Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 50% af eignum sjóðs í innlánum fjármálafyrirtækja en þó er einungis heimild að binda 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þó er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Samanlöögð fjárfesting í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Ofangreindar takmarkanir er ekki hægt að leggja saman.

## *Skortsala*

Sjóðurinn hefur heimild, sbr. 7. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til skortsölu á skráðum verðbréfum. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins.

## *Traust verðbréf*

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í slíkum tilvikum, þegar framangreind heimild er nýtt, skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu

# GΛΜΜΛ

verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, í samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 30/2003.

## *Laust fé*

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignarhluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

## *Lántaka*

Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

## *Afleiður*

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu til að draga úr áhættu. Áhættustýring sjóðsins felst m.a. í því að verja vaxta- og líftímaáhættu og stýra verðtryggingaráhættu sjóðsins. Mat er lagt á áhættu hverrar afleiðu og áhættuviðmið skilgreind. Þess skal gætt að notkun hverrar afleiðu tengist með afgerandi hætti þeirri áhættu er sjóðurinn stendur frammi fyrir svo ljóst sé að notkun hennar tengist þeim eina tilgangi að draga úr áhættu.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins.

Fjárfestingarsjóði er ávallt skyld að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Viðmið afleiðna sem sjóðurinn hefur heimild til að nýta sér til áhættuvarna eru auk fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingarheimildir sjóðsins; verðbréfavísítölur, vextir og verðtrygging.

Mótaðilaáhætta sjóðsins er takmörkuð með því að sjóðnum er aðeins heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Til að ná fram markmiði sínu í áhættuvörnum er sjóðnum heimilt að nýta sér valréttarsamninga (kaup- og söluréttir), skiptasamninga og framvirka samninga. Sem dæmi um notkun afleiðna til áhættustýringar má nefna vaxtaskiptasamning á fljótandi vexti móti föstum eða sölurétt á skuldabréf til að draga úr vaxtaáhættu sjóðsins. Til að stýra verðtryggingaráhættu sjóðsins er hægt að beita verðbólgskiptasamningi eða framvirkum samningum á skuldabréf.

## *Sundurliðun fjárfestingarheimilda*

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er nánar kveðið á um hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

# GAMMA

Neðangreind tafla sýnir heimildir sjóðsins til fjárfestinga í einstökum tegundum fjármálagerninga og miðast við hlutfall af heildareignum sjóðsins á hverjum tíma. Athuga ber að ekki er hægt að leggja saman allar neðangreindar heimildir og er vísað í umfjöllun í útboðslýsingum þessari um takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður.

Afleiður sjóðsins verða aðeins gerðar í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem tengist öðrum fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og er því ekki ástæða til þess að tilgreina sérstaklega heimildir tengdar afleiðum í eftirfarandi töflu.

1. Innlend skráð skuldabréf og víxlar, útgefnum af fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) og öðrum fyrirtækjum.	25 - 100%
2. Skuldabréf og víxlar, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðaláanasjóði.	0 - 50%
3. Innlán fjármálafyrirtækja.	0 - 50%
4. Óskráð skuldabréf og víxlar.	0 - 25%

## (D) GAMMA: Covered Bond Fund (GAMMA: CBF)

GAMMA: CBF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum skuldabréfamarkaði með sértryggð skuldabréf (e. covered bonds). Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu.

GAMMA: CBF er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir að meginhluta í sértryggðum skuldabréfum útgefnum í samræmi við lög 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Einnig er sjóðnum heimilt að fjárfesta í ríkisskuldabréfum vegna lausafjárstýringar og afleiðum til áhættuvarna.

Fjárfestingarstefna og heimildir eru nánar útlistaðar í töflu hér að neðan.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru útvíkkaðar frá heimildum verðbréfasjóða í 59. gr. laga nr. 128/2011. Reglur sjóðsins fylgja þeim heimildum sem lögin kveða á um fyrir fjárfestingasjóði að meginstefnu en takmarka eða þrengja í sumum atriðum heimildir sjóðsins til fjárfestinga frá viðmiðum laganna. Markmið sjóðsins er þó að hafa umtalsverðan sveigjanleika til þess að nýta heimildir þessar í þeim tilgangi að hámarka ávoxtun sjóðsins, að teknu tilliti til áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni, í samræmi við fjárfestingastefnu og markmið.

### Sértryggð skuldabréf

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í skuldabréfum sem útgefin eru í samræmi við lög 11/2008 um sértryggð skuldabréf og skal fjárfesting í þeim vera að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins, og að hámarki 75%.

### Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum með ríkisábyrgð

# GΛΜΜΛ

Heimilt er að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum með ríkisábyrgð að hámarki 50% af eignum sjóðsins.

## *Takmörkun á fjárfestingu í einstökum útgefanda*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Samanlögð fjárfesting í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Ofangreindar takmarkanir er ekki hægt að leggja saman.

## *Traust verðbréf*

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í slíkum tilvikum, þegar framangreind heimild er nýtt, skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, í samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

## *Lántaka*

Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

## *Laust fé*

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignarhluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

## *Afleiður*

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu til að draga úr áhættu. Áhættustýring sjóðsins felst m.a. í því að verja vaxta- og líftímaáhættu og stýra verðtryggingaráhættu sjóðsins. Mat er lagt á áhættu hverrar afleiðu og áhættuviðmið skilgreind. Þess skal gætt að notkun hverrar afleiðu tengist með afgerandi hætti þeiri áhættu er sjóðurinn stendur frammi fyrir svo ljóst sé að notkun hennar tengist þeim eina tilgangi að draga úr áhættu.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins.

Fjárfestingarsjóði er ávallt skyld að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

# GAMMA

Viðmið afleiðna sem sjóðurinn hefur heimild til að nýta sér til áhættuvarna eru auk fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingaheimildir sjóðsins; vextir og verðtrygging.

Mótaðilaáhætta sjóðsins er takmörkuð með því að sjóðnum er aðeins heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Til að ná fram markmiði sínu í áhættuvörnum er sjóðnum heimilt að nýta sér valréttarsamninga (kaup- og söluréttir), skiptasamninga og framvirka samninga. Sem dæmi um notkun afleiðna til áhættustýringar má nefna vaxtaskiptasamning á fljótandi vexti móti föstum eða sölurétt á skuldabréf til að draga úr vaxtaáhættu sjóðsins. Til að stýra verðtryggingaráhættu sjóðsins er hægt að beita verðbólgskiptasamningi eða framvirkum samningum á skuldabréf.

## Sundurliðun fjárfestingarheimilda

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er nánar kveðið á um hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Neðangreind tafla sýnir heimildir sjóðsins til fjárfestinga í einstökum tegundum fjármálagerninga og miðast við hlutfall af heildareignum sjóðsins á hverjum tíma. Athuga ber að ekki er hægt að leggja saman allar neðangreindar heimildir og er vísað í umfjöllun í útboðslýsingu þessari um takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður.

Afleiður sjóðsins verða aðeins gerðar í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem tengist öðrum fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og er því ekki ástæða til þess að tilgreina sérstaklega heimildir tengdar afleiðum í eftirfarandi töflu.

Sjóðurinn mun leitast við að halda fjárfestingum sínum í sértryggðum skuldabréfum sem mestri eða við 75% af heildareignum sjóðsins, nema markaðsaðstæður gefi tilefni til annars. Þá mun fjárfesting sjóðsins í ríkisskuldbréfum vera að jafnaði um 15-25% af heildareignum sjóðsins til að sjóðurinn sé fullfjárfestur, en það hlutfall fer að einhverju leyti eftir markaðsaðstæðum og lausafjárstýringu sjóðsins.

<i>Skuldabréf útgefin í samræmi við löggjöf 11/2008 um sértryggð skuldabréf.</i>	<i>50 - 75%</i>
<i>Skuldabréf og víxlar sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðaláanasjóði.</i>	<i>0 - 50%</i>

## (E) GAMMA: LIQUID Fund (GAMMA: LIQUID)

GAMMA: LIQUID er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með

# GAMMA

fjárfestingum í fjármálagerningum fjármálafyrirtækja, víxlum og innlánnum, með skemmri lánstíma en 12 mánuði en einnig hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í ríkisverðbréfum.

GAMMA: LIQUID er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í fjármálagerningum fjármálafyrirtækja, víxlum og innlánnum, með skemmri lánstíma en 12 mánuði og fjármálagerningum, skuldbréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði. Fjárfestingarstefna er nánar útlistuð í töflu hér að neðan.

Markmið sjóðsins er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímaxtastig á markaði og skal meðallíftími heildareigna sjóðsins ávallt vera lægri en eitt ár.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru útvíkkaðar frá heimildum verðbréfasjóða í 59. gr. laga nr. 128/2011. Reglur sjóðsins fylgja þeim heimildum sem lögin kveða á um fyrir fjárfestingasjóði að meginstefnu en takmarka eða þrengja í sumum atriðum heimildir sjóðsins til fjárfestinga frá viðmiðum laganna. Markmið sjóðsins er þó að hafa umtalsverðan sveigjanleika til þess að nýta heimildir þessar í þeim tilgangi að hámarka ávöxtun sjóðsins, að teknu tilliti til áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni, í samræmi við fjárfestingastefnu og markmið.

## *Innlán og víxlar*

Sjóðurinn verður að lágmarki að fjárfesta 30% eigna sinna í bundnum innlánnum fjármálafyrirtækja. Sjóðurinn mun nýta heimild b. liðar 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um að geta bundið allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 50% eigna sinna í víxlum útgefnum af fjármálafyrirtækjum en þó að hámarki 20% af eignum sínum í skráðum útgáfum sama útgefanda, sbr. a. lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, og að hámarki 10% í óskráðum útgáfum eins útgefanda, sbr. 3. mgr. 59. gr. laganna.

Samanlöögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%, sbr. d. lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

## *Traust verðbréf*

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 70% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefnir eru af íslenska ríkinu. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, í samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011. Sjóðurinn mun jafnframt nýta heimild e. liðar 1. tl. 4. mgr. 59. gr. um heimild til að binda allt að 35% af eignum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem gefnir eru út af íslenska ríkinu.

## *Lántaka*

Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs. Er heimildin til staðar til að mæta mögulegum óvæntum innlausnum.

## *Laust fé*

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignarhluta í

# GAMMA

sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

## Afleiður

Sjóðnum er ekki heimilt að nota afleiður sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Sjóðnum er heimilt að eiga endurhverf viðskipti með verðbréf og peningamarkaðsgerninga útgefnum af ríkissjóði og víxlum útgefnum af fjármálafyrirtækjum. Endurhverf viðskipti felast í því að leggja undirliggjandi eignir fram sem veð gegn því að fá laust fé og er tilgangurinn lausafjárstýring til að tryggja seljanleika hlutdeildarskíteinishafa. Mótaðili viðskiptanna eru fjármálafyrirtæki. Endurhverf viðskipti skulu ekki nema meira en 25% af eignum sjóðsins.

Sjóðnum er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af endurhverfum viðskiptum. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma sem það tekur að loka endurhverfum viðskiptum.

## Sundurliðun fjárfestingarheimilda

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

<i>Innlán fjármálafyrirtækja með 12 mánaða eða skemmri binditíma.</i>	<i>30 – 100%</i>
<i>Verðbréf og peningamarkaðsgerningar (svo sem skuldabréf og víxlar) sem gefnir eru út af ríkissjóði.</i>	<i>0 – 70%</i>
<i>Víxlar útgefnir af fjármálafyrirtækjum.</i>	<i>0 – 50%</i>

## (F) GAMMA: GLOBAL Invest (GAMMA: GLOBAL)

GAMMA: GLOBAL er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er EUR (evrur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á erlendum fjármálamörkuðun að mestu leyti í gegnum fjárfestingar í erlendum sjóðum. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu og sem þátt í fjárfestingastefnu.

GAMMA: GLOBAL er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir að mestu leyti í erlendum hlutdeildarskíteinum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, en hefur einnig heimildir til að fjárfesta beint í erlendum framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum.

Fjárfestingarstefna og heimildir eru nánar útlistaðar í töflu hér að neðan.

# GΛΜΜΛ

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru útvíkkaðar frá heimildum verðbréfasjóða í 59. gr. laga nr. 128/2011. Reglur sjóðsins fylgja þeim heimildum sem löginn kveða á um fyrir fjárfestingasjóði að meginstefnu en takmarka eða þrengja í sumum atriðum heimildir sjóðsins til fjárfestinga frá viðmiðum laganna. Markmið sjóðsins er þó að hafa umtalsverðan sveigjanleika til þess að nýta heimildir þessar í þeim tilgangi að hámarka ávöxtun sjóðsins, að teknu tilliti til áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni, í samræmi við fjárfestingastefnu og markmið.

## *Skráð verðbréf og nýútgefin verðbréf*

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða uppfylla að öðru leyti skilyrði í 1. tl. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011. Þó getur sjóðurinn að hámarki bundið 15% í erlendum hlutabréfum og að hámarki 15% í erlendum skráðum skuldabréfum eða peningamarkaðsgerningum.

## *Fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu þ.e. verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, en þó að hámarki 20% í einstaka sjóði. Í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, þ.e. fagfjárfestasjóðum, má fjárfesta að hámarki 20% af eignum sjóðsins.

Samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðsins er honum heimilt að binda að lágmarki 25% en að hámarki 75% í erlendum UCITS sjóðum og að lágmarki 0% en að hámarki 50% í erlendum AIF sjóðum (Alternative Investment Funds).

## *Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningmarkaðsgerningum*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 3. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að fjárfesta 30% af eignum sjóðsins í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Sjóðnum er þó ekki heimilt, samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni, að binda meira en 15% með beinni fjárfestingu í óskráðum hlutabréfum, og ekki meira en 15% í óskráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum.

## *Takmörkun á fjárfestingu í einstökum útgefanda*

Sjóðnum er heimilt, sbr. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda (sbr. þó lægri takmörkun fyrir óskráð hlutabréf). Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þó er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Samanlögð

# GΛΜΜΛ

fjárfesting í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Ofangreindar takmarkanir er ekki hægt að leggja saman.

## *Skortsala*

Sjóðurinn hefur heimild, sbr. 7. mgr. 59. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til skortsölu á skráðum verðbréfum. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins.

## *Lántaka*

Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

## *Laust fé*

Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma laust fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignarhluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

## *Afleiður*

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu eða að minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins.

Fjárfestingarsjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Metið hámarkstap af afleiðum má að hámarki nema 60% af hreinni eign sjóðsins og getur því heildaráhætta fjárfestingarsjóðsins numið 160% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til lántöku á grundvelli 6. mgr. 59. gr laga 128/2011 og getur því heildaráhætta, ef lántökuheimild er einnig nýtt, verið allt að 185% af af hreinni eign sjóðsins.

Viðmið afleiðna sem sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í eru auk fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingaheimildir sjóðsins; verðbréfavísítölur, vextir og verðtrygging, og gengi erlendra gjaldmiðla að því marki sem slíkir samningar eru heimilir að lögum á hverjum tíma.

Fjárfestingar sjóðsins í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsins og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

Mótaðilaáhætta sjóðsins er takmörkuð með því að sjóðnum er aðeins heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, sbr. c.-lið 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í valréttarsamningum (kaup- og söluréttir), skiptasamningum, framvirkum samningum.

# GAMMA

## *Sundurliðun fjárfestingarheimilda*

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er nánar kveðið á um hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Neðangreind tafla sýnir heimildir sjóðsins til fjárfestinga í einstökum tegundum fjármálagerninga og miðast við hlutfall af heildareignum sjóðsins á hverjum tíma. Athuga ber að ekki er hægt að leggja saman allar neðangreindar heimildir og er vísað í umfjöllun í útboðslýsingu þessari um takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður í einum útgefanda og vegna mótaðilaáhættu þegar um er að ræða afleiður.

1. Hlutdeildarskírteini UCITS sjóða.	25 – 75%
2. Hlutdeildarskírteini AIF sjóða.	0 – 50%
3. Hlutdeildarskírteini fagfjárfestasjóða.	0 – 20%
4. Erlend skuldabréf / peningamarkaðsgerningar, skráð eða óskráð.	0 – 15%
5. Erlend hlutabréf, skráð eða óskráð.	0 – 15%
6. Innlán	0 – 30%
7. Afleiður	0 – 60%

## **(G) Reglur sjóðsins um áhættustýringu og áhættuviðmið**

Áhættueftirlit sjóðsins er á forræði áhættustjóra rekstrarfélagsins. Áhættustjóri hefur eftirlit með fjárfestingum sjóðsins. Áhættustjóri starfar með sjóðstjóra auk þess að gefa skýrslu til framkvæmdastjóra og stjórnar um stoður og frávik frá fjárfestinaheimildum. Hann ber einnig ábyrgð á útreikningi á áhættumælikvoðum sjóða sem birtir eru á upplýsingablöðum þeim sem GAMMA gefur út um einstaka sjóði.

Sjóðnum er heimilt að úthýsa eftirliti með áhættu sjóðsins. Hefur T Plús hf. samkvæmt útvistunarsamningi einnig eftirlit með útreikningi gengis sjóðsins og því að fjárfestingar séu innan heimilda laga og fjárfestingarstefnu.

Sjóðsdeildirnar hafa heimild til þess að skuldbinda sig með afleiðusamningum. Vísað er til umfjöllunar um fjárfestingastefnu hverrar sjóðsdeildar í grein 1.15 (A)-(E) hér að framan og umfjöllun um áhættu sem tengist afleiðum í 1.15.(G) d. Markaðsáhætta sjóðsins á hverjum tíma má ekki vera umfram tvö staðalfrávik eigna í stýringu, mælt miðað við sex mánaða söguleg gögn, reiknað út frá öllum eignum sjóðsins á hverjum tíma (þ.b.m.t. afleiðusamningnum).

Leitast skal við að lágmarka mótaðilaáhættu þannig að afleiðusamningar séu gerðir upp vikulega hið minnsta, þ.e. að markaðsvirði samninga sé gert upp á þeim tíma.

## **(H) Sameiginlegar reglur allra sjóðsdeilda**

# GAMMA

Fjárfestingar þurfa að vera í samræmi við 59. gr. laga nr. 128/2011 þar sem kveðið er á um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Er sjóðstjórum óheimilt að víkja frá þeim reglum sem þar koma fram.

Auk þess gilda eftirfarandi reglur um fjárfestingar sjóðsdeilda Fjárfestingarsjóðsins:

1. Fjárfestingarsjóðurinn hefur heimild Fjármálaeftirlitsins til að fjárfesta auknu hlutfalli af eignum sjóðsdeilda í ríkistryggðum verðbréfum, skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 og á sú heimild við um ríkistryggð verðbréf, enda sé það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Heimild hverrar sjóðsdeildar takmarkast að þessu leyti af fjárfestingastefnu hverrar sjóðsdeildar þannig að GAMMA: TRF getur átt allt að 80% af eignum sínum í traustum verðbréfum, GAMMA: EQF allt að 75%, GAMMA: CRF allt að 50%, GAMMA: CBF allt að 50% og GAMMA: LIQUID allt að 70%.
2. Ef sjóðurinn fjárfestir umfram 35% í ríkistryggðum bréfum samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 128/2011, skal dreifa fjárfestingum á sex verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í hverri um sig nema að hámarki 30%.
3. Sjóðsdeildum er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.
4. Sjóðsdeildir mega eiga reiðufé eða auðseljanlegar eignir til skamms tíma, en þó ekki umfram 10% nema það sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir eru þó ekki hluti af fjárfestingastefnu þeirra.
5. Sjóðsdeildum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Leita þarf sampykkið fjármálaeftirlitsins til þess að framlengja umræddan frest. Sjóðsdeildum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu.
6. Á grundvelli 6. mgr. 59. gr. laga 128/2011 er sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðsins heimilt að taka að láni allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Stjórn GAMMA Capital Management hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt fjárfestingastefnu einstakra sjóðsdeilda hvenær sem er. Breytingin öðlast hins vegar ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Aðrar reglur Fjárfestingarsjóðsins setja honum auk þess þann ramma sem honum ber að fara eftir með hliðsjón af heimildum laga.

## (I) Áhætta

### a. Almennt um áhættu

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu en fjárfesting í fjárfestingarsjóðum er að öllu jöfnu áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum vegna þess að sjóðir áhættudreifa sínum fjárfestingum með fjárfestingum í safni verðbréfa. Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum felur í sér áhættu og gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað.

Fjárfesting í fjárfestingarsjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Áhættustig sjóða er þó mismunandi og fer áhættustigið eftir fjárfestingastefnu sjóðsins og eru hlutabréfasjóðir til dæmis almennt áhættumeiri en skuldabréfasjóðir. Gengi

# GAMMA

hlutabréfasjóða ræðst af þróun á hlutabréfamarkaði en hlutabréfaverð ræðst af mörgum þáttum og vega framtíðarvætingar um afkomu félaga þar mikið.

Í fjárfestingarstefnu Fjárfestingarsjóðs GAMMA er að finna víðar heimildir til notkunar afleiðna. Heimild sjóðanna er samhljóða heimildum þeim sem koma fram í lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2006 og Commission Recommendation 2004/383/EC sem fjallar um afleiðunotkun verðbréfasjóða. Þó er fjárfesting í afleiðum takmörkuð við 60% af heildareignum sjóðsdeildar GAMMA: TRF, við 25% af heildareignum sjóðsdeildar GAMMA: EQF og við 10% af heildareignum sjóðsdeildar GAMMA: LIQUID. Afleiðunotkun GAMMA: CRF og GAMMA: CBF er eingöngu heimil til áhættustýringar en vegna lántokuheimildar getur heildaráhætta sjóðsins orðið allt að 125% af hreinum eignum. Samkvæmt reglum þessum getur heildaráhætta GAMMA: TRF orðið allt að 185% af hreinum eignum, heildaráhætta GAMMA: EQF orðið allt að 150% og heildaráhætta GAMMA: LIQUID orðið allt að 135% og er þá meðtalinn heimild til lántoku í öllum tilvikum.

Afleiður geta verið notaðar til að fastsetja hagnað eða ákveðið verð, vegna fyrirsjánlegra innlausna, vegna markaðsaðstæðna o.s.frv. Sjóðsdeild sem nýtir afleiður í sinni stýringu þarf ekki endilega að vera áhættumeiri en deild sem nýtir ekki afleiður en það fer eftir eðli afleiðuviðskiptanna.

Við fjárfestingarákvarðanir fjárfesta þarf að huga að ýmsum þáttum svo sem aldri og hlutfalli mögulegs sparnaðar af heildartekjum. Almennt eru yngri fjárfestar með lágar tekjur og há útgjöld og því er hyggilegt fyrir þá að leggja fyrir lága fjárhæð í langan tíma til að byggja upp sparnað. Þessum hóp fjárfesta er að öðru jöfnu óhætt að taka heldur meiri áhættu því tíminn til að jafna upp sveiflur er langur. Fjárfestar sem komnir eru á mitt aldursskeið hafa oftast hærri tekjur en þeir yngri og lægri skuldir. Sparifé er þá oft orðið hátt hlutfall af heildareignum. Á þessu æviskeiði myndast því stærstur hluti sparifjár og því ættu fjárfestar að huga að minni áhættu. Skuldabréfasjóður hentar m.a. þessum hóp fjárfesta.

Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum er jafnan hugsuð til lengri tíma. Virði fjárfestinga getur lækkað jafnt sem hækkað þannig að fjárfestar geta fengið minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbinding um hver ávöxtun verður í framtíð. Mælt er með því að þeir fjárfestar sem hug hafa á kaupum í ofangreindum sjóðsdeildum íhugi vel þær fjárhagslegu afleiðingar sem kaupin kunna að hafa í för með sér.

Sjóðurinn hefur svigrúm til þess að fjárfesta í fjármálagerningum sem háðir eru umtalsverðri áhættu. Verðmæti eigna í sjóðnum getur tekið umtalsverðum breytingum á stuttum tíma.

Fjárfesting í sjóðnum hentar betur fjárfestum sem horfa til lengri tíma og eru reiðubúnir að þola skammtímasveiflur í verðmæti fjárfestingar sinnar. Sjóðurinn hentar illa sem kostur fyrir lausafjárvíringu eða sem skammtímaeign. Æskilegt er að fjárfesting í sjóðnum sé hluti af stærra eignasafni.

Hafa skal í huga að útboðslýsing þessi er samin miðað við þær forsendur að ytri aðstæður, s.s. skattareglur haldist óbreyttar til framtíðar.

Í samræmi við heimild 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeild GAMMA: TRF heimilt að fjárfesta í verðbréfasjóðum (UCITS) svo og í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (svokölluðum Non-UCITS sjóðum).

# GAMMA

Munurinn á verðréfasjóðum (UCITS) og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (Non-UCITS) er sá að UCITS sjóði er heimilt að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), þ.e. þeir hafa svokallaðan Evrópusupassa og uppfylla því tiltekin lágmarksskilyrði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 85/611/EB. Slíkum sjóðum er t.d. óheimilt að fjármagna sig með lántökum og að skortselja fjármálagerninga. Non-UCITS sjóðir eru annaðhvort sjóðir innan EES sem uppfylla ekki skilyrði tilskipunarinnar eða eru staðsettir utan EES svæðisins. Non-UCITS sjóðir hafa yfirleitt rýmri fjárfestingarheimildir heldur en UCITS sjóðir og geta því verið áhættumeiri, m.a. vegna lántokuheimilda og heimilda til skortsölu. Verðréfasjóðum er hins vegar eingöngu heimilt að fjárfesta í Non-UCITS sjóðum sem hafa sambærilegar reglur og verðréfasjóðir um lán, lántökur, innlausnarrétt, skortsölu og vörslufyrirtæki (sbr. 3. tl. 1. mgr. 30. gr. laganna).

Í samræmi við 59. gr. laga nr. 128/2011 hefur sjóðsdeild GAMMA: TRF heimild til að fjárfesta í hlutdeildarskíteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðréfasjóða og fjárfestingarsjóða að hámarki 20% af eignum sjóðsins.

## b. Áhætta skuldabréfa

Verðmæti skuldabréfa getur breyst, en almennt ekki í sama mæli og verðmæti hlutabréfa. Sveiflur í virði skuldabréfa geta þó orðið fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Sveiflur á gengi skuldabréfa geta tengst rekstri fyrirtækja, þ.e. að virði skuldabréfa sveiflist í takt við nýjar upplýsingar sem tengjast rekstri fyrirtækisins, samkeppnisaðila þess eða viðkomandi atvinnugrein. Almennur efnahagur getur einnig haft áhrif á gengi skuldabréfa og efnahagslægð kæmi til með að hafa áhrif á gengi skuldabréfa sem útgefin eru af ríkisstjórn þess lands þar sem efnahagslægð á sér stað. Auk þess geta markaðsaðstæður haft áhrif á gengi skuldabréfa, s.s. væntingar fjárfesta sem byggjast á sálfræðilegum þáttum frekar en almennar horfur gefa tilefni til varðandi rekstur og almennan efnahag, sveiflur í gjaldmiðlum, vaxtaþróun hverju sinni og markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum. Þróun vaxta til lengri tíma hefur einnig áhrif á gengi skuldabréfa og kemur slík þróun oft fram með skýrari hætti í virði skuldabréfa en hlutabréfa. Lánshæfismót fyrirtækja og ríkisstjórn hafa einnig áhrif á gengi skuldabréfa, en slík lánshæfismót eru almennt tengd rekstrarhorfum og efnahagsreikningum fyrirtækja og efnahagshorfum viðkomandi ríkis.

Hlutabréfasjóðir eru áhættumeiri en skuldabréfasjóðir. Gengi þeirra er háð mörgum þáttum en þar vega væntingar um afkomu hlutafélaga mjög miklu. Gengi skuldabréfasjóða er meðal annars háð þróun markaðsvaxta. Þannig falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði ef vextir hækka og skuldabréf með háum meðaltíma falla meira í verði en skuldabréf með lágum meðaltíma, miðað við sömu breytingar á ávoxtunarkröfu.

Í skuldabréfum eru veitt loforð um endurgreiðslu. Breytanleg skuldabréf geta veitt loforð um endurgreiðslu í öðru formi en reiðufé. Fjárfestar skuldabréfa eru lánadrottnar fyrirtækis eða ríkis. Þeir njóta því ekki velgengni fyrirtækja þegar rekstur og markaðsaðstæður eru hagstæð að sama skapi og hluthafar þeirra, en hafa meiri kröfurétt til fyrirtækja þegar fyrirtæki lenda í rekstrar- og/eða greiðsluerfiðleikum. Það getur gerst að skuldarar með há lánshæfismót, sem almennt flokkast sem tryggir skuldarar, geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum felur í sér áhættu og gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávoxtun sjóðsins er háð þróun ávoxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði og verði hlutabréfa á hlutabréfamarkaði. Við breytingu markaðsvaxta breytist verðmæti eignar sjóðsins þannig að ef ávoxtunarkrafa hækkar þá lækkar skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í

# GAMMA

fjárfestingarsjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum.

## c. Áhætta hlutabréfa

Fjárfestingarsjóður GAMMA hefur heimild til þess að að fjárfesta í bæði skráðum og óskráðum hlutabréfum, svo sem nánar er lýst í grein 1.15 í útboðslýsingi þessari. Fjárfesting í hlutabréfum er almennt talin áhættusamari en til að mynda fjárfesting í skuldabréfum eða öðrum skuldaskjölum, enda eru hlutabréf að jafnaði háð mun meiri sveiflum í verðmæti en skuldabréf og ýmsar aðrar fjárfestingar. Þá eru framtíðar arðgreiðslur vegna hlutabréfaeignar háðar mikilli óvissu. Almenn efnahagspróun og markaðsaðstæður hafa almennt meiri áhrif á verðmæti hlutabréfa en skuldabréfa.

Óskráð verðbréf eru aukinheldur háð áhættu sem tengist seljanleika þeirra. Getur reynst tímafrekt og kostnaðarsamt að selja bréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Fjárfestavernd, t.d. varðandi sambjöppun eignarhalds og upplýsingagjöf, er einnig að jafnaði minni þegar um er að tefla hlutabréf sem eru óskráð samanborið við hlutabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

## d. Áhætta afleiðna

Fjárfestingarsjóður GAMMA hefur heimild til að binda fé sitt í afleiðum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögum nr. 128/2011, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2006 og Commission Recommendation 2004/383/EC sem fjallar um afleiðunotkun verðbréfasjóða, auk takmarkana sem leiða af fjárfestingastefnu sjóðsins sem að framan er rakin.

Notkun afleiðna sjóðsins skiptist í tvennt, annars vegar vegna verðbréfahluta sjóðsins og hins vegar vegna gengisvarna. Rétt er að vekja athygli fjárfesta á að sjóðurinn mun bæði eiga viðskipti með afleiður til gengisvarna og til stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðsins.

GAMMA: CRF og GAMMA: CBF er eingöngu heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu en öðrum sjóðsdeildum er heimilt að nota afleiður bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu eða að minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingastefnu sinni. Helstu tegundir sem sjóðsdeildir nota eru framvirkir samningar. Með framvirkum samningum skuldbinda sjóðsdeildir sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum gjalddaga í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins.

Fjárfestingum í afleiðum fylgir áhætta eins og við hefðbundnar fjárfestingar í verðbréfum en áhættan getur oft á tíðum verið annarskonar og í sumum tilvikum áhættusamari en hefðbundin fjárfesting í verðbréfum.

Verðmæti afleiðna breytist miðað við verðþróun á undirliggjandi fjármálagerningum og því getur sjóðurinn bæði hagnast og tapað á notkun afleiðna.

Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem hann eigi hæfilegar og nægjanlegar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðum. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning. Í 34. gr. laga nr. 128/2011 er fjallað um heimild verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til afleiðuvíðskipta. Samkvæmt lögunum, sbr.

# GAMMA

leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2006 og Commission Recommendation 2004/383/EC sem fjallar um afleiðunotkun verðbréfasjóða, getur heildaráhætta fjárfestasjóðs orðið allt að 225% af hreinum eignum og er þá meðtalinn heimild til lántöku. Eins og að framan er rakið, getur fjárfesting GAMMA: TRF í afleiðum að hámarki numið 60% af hreinni eign sjóðsins á hverjum tíma og getur því heildaráhætta sjóðsdeildar numið 160% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðsdeildin heimild til lántöku og getur því heildaráhætta, ef lántökuheimild er einnig nýtt, verið allt að 185% af hreinni eign sjóðsins. Í tilviki GAMMA: EQF getur fjárfesting í afleiðum að hámarki numið 25% af hreinni eign sjóðsins á hverjum tíma og getur því heildaráhætta numið 125% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðsdeildin heimild til lántöku og getur því heildaráhætta, ef lántökuheimild er einnig nýtt, verið allt að 150% af hreinni eign sjóðsdeildar. Í tilviki GAMMA: LIQUID getur fjárfesting í afleiðum að hámarki numið 10% af hreinni eign sjóðsins á hverjum tíma og getur því heildaráhætta numið 110% af hreinum eignum samkvæmt því. Auk þess hefur sjóðsdeildin heimild til lántöku og getur því heildaráhætta, ef lántökuheimild er einnig nýtt, verið allt að 135% af hreinni eign sjóðsdeildar.

Við mat á heildaráhættu af afleiðusamningum er tekið tillit til trygginga til lækkunar mótaðilaáhættu ef:

- (i) trygging er reglulega metin og gerð upp,
- (ii) trygging er ekki tengd sömu markasáhættu (s.s. reiðufé og skammtíma ríkisskuldabréf),
- (iii) trygging sé í vörlu þriðja aðila, og
- (iv) rekstrarfélagið, f.h. sjóðsins, getur gengið að tryggingunni fyrirvara laust.

## e. Aðrir áhættuþættir

- 1. Markaðsáhætta** – Áhættan felst í því ef verð á verðbréfum lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins en ef verð á verðbréfum hækkar þá veldur það hækkan á eignum sjóðsins. Margir þættir geta haft áhrif á verðmyndum á markaði en snöggar breytingar á framboði eða eftirspurn eftir eignum sjóðsins getur haft veruleg áhrif á markaðsverðmæti eigna. Breytingar geta haft áhrif til lækkunar og lækkunar á eignum sjóðsins.
- 2. Seljanleikaáhætta / Lausafjáráhætta** – Sú staða getur komið upp að ekki sé hægt eða erfitt sé að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að ekki séu til staðar kaupendur á markaði sem eru reiðubúnir að kaupa það magn verðbréfa eða peningamarkaðsskjala né á því verði sem ásættanlegt er á þeim tíma sem nauðsynlegt er.
- 3. Ytri aðstæður** – Ýmis ytri atvik sem ekki er hægt að sjá fyrir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Þættir eins og breytt löggjöf Alþingis, reglur og reglugerðir sem stjórnvöld setja geta haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða sem og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum.
- 4. Uppgjörsáhætta / Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að greiðslur berist ekki á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í gegnum greiðslukerfið vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- 5. Vörluáhætta** – Eignir í vörlu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða svika af hálfu vörluaðila.
- 6. Verðbólguáhætta** – Verðtryggð skuldabréf lágmarka þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu. Aukin verðbólga skerðir raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa en verðtryggð skuldabréf fá verðtrygginguna.

# GAMMA

**7. Vaxtaáhætta – Fjárfestingarsjóður sem fjárfestir eingöngu eða nær eingöngu í skuldabréfum er í áhættu gagnvart vaxtabreytingum því þær hafa áhrif á verðmyndum skuldabréfa.**

**f. Nánari lýsing á áhættu í tengslum við fjárfestingu í einstökum sjóðsdeildum**

**1. GAMMA: Total Return Fund (GAMMA: TRF)**

GAMMA: TRF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á fjármálamarkaði, (aðallega á Íslandi en sjóðurinn hefur þó einnig heimild til þess að fjárfesta í erlendum eignum svo sem nánar er kveðið á um í reglum sjóðsins), hvort sem er með beinni fjárfestingu beint í hlutabréfum, og/eða skuldabréfum eða í gegnum aðra sjóði. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu og sem þátt í fjárfestingastefnu.

GAMMA: TRF er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum.

**2. GAMMA: Equity Fund (GAMMA: EQF)**

GAMMA: EQF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum hlutabréfamarkaði í skráðum hlutabréfum að meginstefnu og að nokkru leyti í óskráðum hlutabréfum. Með skráðum hlutabréfum er í reglum þessum átt við fjármálagerninga sem viðskipti eru með í Kauphöllinni á Íslandi þ.e. NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North Iceland. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu og sem þátt í fjárfestingastefnu.

GAMMA: EQF er fjárfestingarsjóður sem hefur heimild til fjárfestinga í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum. Fyrst og fremst verður um að ræða fjárfestingu í skráðum hlutabréfum, útgefnum á íslenskum fjármálamarkaði.

**3. GAMMA: Credit Fund (GAMMA: CRF)**

GAMMA: CRF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum skuldabréfamarkaði, með fjárfestingum í skuldabréfum sem kunna eftir atvikum að vera með eða án ríkisábyrgðar. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu.

GAMMA: CRF er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum. Fyrst og fremst verður um að ræða fjárfestingu í fjármálagerningum, s.s. skuldabréfum og víxlum, útgefnum á íslenskum fjármálamarkaði af íslenskum fyrirtækjum,

# GAMMA

sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) eða opinberum aðilum.

## 4. GAMMA: Covered Bond Fund (GAMMA: CBF)

GAMMA: CBF er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum skuldabréfamarkaði með sértryggð skuldabréf (e. covered bonds). Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu.

GAMMA: CBF er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir að meginhluta í sértryggðum skuldabréfum útgefnum í samræmi við lög 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Einnig er sjóðnum heimilt að fjárfesta í ríkisskuldabréfum vegna lausafjárstýringar og afleiðum til áhættuvarna.

## 5. GAMMA: LIQUID Fund (GAMMA: Liquid)

GAMMA: LIQUID er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með fjárfestingum í fjármálagerningum fjármálafyrirtækja, víxlum og innlánum, með skemmri lánstíma en 12 mánuði en einnig hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í ríkisverðbréfum.

GAMMA: LIQUID er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í fjármálagerningum fjármálafyrirtækja, víxlum og innlánum, með skemmri lánstíma en 12 mánuði og fjármálagerningum, skuldabréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðaláanasjóði. Þá fjárfestir sjóðurinn einnig í afleiðum, þar sem undirliggjandi eign er gefin út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðaláanasjóði.

## 6. GAMMA: Global Invest (GAMMA: GLOBAL)

GAMMA: GLOBAL er fjárfestingarsjóður og byggir starfsheimildir sínar á III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi en ekki í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er EUR (Evra). Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á erlendum fjármálamörkuðun að mestu leyti í gegnum fjárfestingar í erlendum sjóðum. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nýta afleiður sem hluta af áhættustýringu og sem þátt í fjárfestingastefnu

GAMMA: GLOBAL er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir að mestu leyti í erlendum hlutdeildarskíteinum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, en hefur einnig heimildir til að fjárfesta beint í erlendum framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum.

### 1.16. Mat á eignum

# GAMMA

Útreikningur á virði eigna sjóðsdeilda fer eftir reglugerð um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 792/2003, og skulu eignir sjóðsdeilda á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt birtu dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er háð mati rekstrarfélags samkvæmt vinnureglu sem það setur, undir eftirliti vörlufélags og endurskoðanda, og skal tekið tillit til almennra markaðsaðstæðna á hverjum tíma.

Innlausnarvirði eininga sjóðsdeilda er metið sem markaðsvirði samanlagðra eigna deilda að frádregnum sameiginlegum skuldum sem við á, s.s. ógreiddum innheimtu- og umsjónarkostnaði, reiknuðum áföllnum opinberum gjöldum og umsjónarlaunum. Markaðsvirði eigna sem eftir stendur er deilt með fjölda útgefinna og óinnleystra eigna til að finna innlausnarvirði, kaupgengi, hverrar einingar. Innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina er reiknað daglega og er birt á heimasíðu GAMMA Capital Management hf.

GAMMA Capital Management hf. mun halda skrá yfir mat eigna skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 792/2003 þar sem fram koma forsendur við mat á eignum.

Nýtt gengi reiknast í lok hvers viðskiptadags.

## **1.17. Sölu og innlausnarvirði hlutdeildarskírteina – gengi sjóðsdeilda**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlásstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Þóknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini fer eftir gjaldskrá GAMMA Capital Management hf. á hverjum tíma. Í töflunni hér fyrir neðan er að finna upplýsingar um umsýsluþóknun, gengismun og upphafsbóknun sjóðsdeilda.

Sjóðdeild	Tegund	Umsýslu-þóknun	Gengis- munur	Upphaf- þóknun	Árangurs - tenging
GAMMA: TRF	Fjárfestingar -sjóður	1,00%	0,00%	0,50%	10%
GAMMA: EQF	Fjárfestingar -sjóður	1,50%	0,90%	0,00%	0%
GAMMA: CRF	Fjárfestingar -sjóður	1,00%	1,50%	0,00%	0%
GAMMA: CBF	Fjárfestingar -sjóður	0,90%	0,90%	0,00%	0%
GAMMA: LIQUID	Fjárfestingar -sjóður	0,40%	0,00%	0,00%	0%
GAMMA: GLOBAL INVEST	Fjárfestingar -sjóður	1,50%	1,00%	0,00%	0%

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina Fjárfestingarsjóðs GAMMA er reiknað í lok hvers viðskiptadags.

Ekki er reiknað sérstakt kaupgengi eða sölugengi á hlutdeildarskíteinum í sjóðsdeildunum heldur er reiknað sérstakt innlausnarverð, gengi sjóðsdeilda, sem

# GAMMA

er birt einu sinni á dag. Hins vegar er gengismunur á innlausnarverðinu sem er mismunandi á milli sjóðsdeilda sbr. töflu að ofan. Gengismunur þ.e. munur á kaup- og sölugengi getur verið að hámarki 2,00% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu en er nú skv. töflu að ofan.

Á heimasíðu GAMMA Capital Management hf., [www.gamma.is](http://www.gamma.is) er að finna upplýsingar um innlausnarverð sjóðsdeildanna.

Við kaup á hlutdeildarskírteini í sjóðsdeild GAMMA: TRF er tekin upphafsbóknun að hámarki 2,00% en er 0,50% á útgáfudegi þessarar útboðslýsingar skv töflu að ofan.

Við sölu á hlutdeildarskírteinum er ekki tekin sölubóknun eða innlausnargjald.

Hér eru ekki meðtalar þóknar sem söluaðilar hlutdeildarskírteina í sjóðnum kunna að áskilja sér og renna beint til viðkomandi söluaðila og eru rekstrarfélagini og sjóðnum óviðkomandi.

## Árangurstengd bóknun

Samkvæmt reglum sjóðsins áskilur GAMMA Capital Management hf. sér árangurstengda þóknun í sjóðsdeild GAMMA: TRF sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins umfram tiltekið viðmið og nemur alls 10%. Nánar tiltekið reiknast þóknunin af mismun hreinnar eignar í upphafi og lok dags að teknu tilliti til: a) kaupa og innlausna í sjóðnum og b) viðmiðs um ávöxtun.

Árangurstenging reiknast út með eftirfarandi hætti af daglegri ávöxtun (ávöxtun getur þó ekki verið neikvæð):

$$\text{Árangur}_t = ((\text{NAV}_t - \text{NAV}_{t-1}) - (\text{Viðmið}_t - \text{Viðmið}_{t-1}))$$

Ef  $\text{NAV}_t > \text{Viðmið}_t$  þá er árangurstenging =  $10\% * \text{Árangur}_t * \text{útgefin skírteinit}$

Viðmið er uppreiknað á Depo vöxtum seðlabankans.

Depo-Vextir eru vextir á viðskiptareikningum innlásstofnana sem eru birtir og ákveðnir af Seðlabanka Íslands. (Bloomberg: SELDEPO <Index>). Viðmiðið er reiknað með sama hætti og áfallnir vextir á skuldabréf, þ.e. gengi sjóðsins er vaxtareiknað á hverjum uppreikningsdegi með Depo vöxtum Seðlabanka Íslands hvern dag og er upphafsgildi viðmiðs það sama og upphagsgengi sjóðsins þ.e. 100,00.

Árangurstengd bóknun er þannig færð til skuldar daglega, en er hins vegar einungis gerð upp í lok hvers ársfjórðungs.

Árangurstengd bóknun reiknast þó ekki af daglegri ávöxtun ef gengi sjóðsins er undir hæsta gengi sjóðsins (e. high watermark). „High water mark“ er gengi sjóðsins á þeim degi sem síðasta útgreiðsla árangursþóknunar miðast við, nema gengi sjóðsins sé lægra en við stofnun hans og er þá miðað við upphaflegt gengi sjóðsins sem „high water mark“.

Virði sjóðsins er reiknað daglega með tilliti til árangursþóknunar sem rekstrarfélagið á tilkall til samkvæmt framangreindu. Einn tíundi (10%) af uppsafnaðri ávöxtun umfram viðmið, þ.e. er árangurstengingen umfram „high water mark“, er dregin frá virði sjóðsins (Net Asset Value eða NAV). NAV, leiðrétt fyrir árangurstengingu, er hér nefnt ANAV (Adjusted Net Asset Value). Dagleg ávöxtun og gengi miðast við eftirfarandi:

# GAMMA

$$\text{Ávöxtun} = (\text{ANAV}_t - \text{ANAV}_{t-1}) / (\text{ANAV}_{t-1})$$

Árangursþóknun er reiknuð af rekstarféluginu og T Plús hf. Ytri endurskoðandi rekstrarfélagsins staðfestir reikniaðferðir og útreikninga.

Árangurstenging	Hlutdeild í ávöxtun umfram viðmið
GAMMA: TRF	10%
GAMMA: EQF	0%
GAMMA: CRF	0%
GAMMA: CBF	0%
GAMMA: LIQUID	0%
GAMMA: GLOBAL INVEST	0%

Við yfirfærslu á milli sjóðsdeilda innan Fjárfestingarsjóðsins eða annarra sjóða sem GAMMA Capital Management hf. rekur, er ekki tekið sérstakt gjald.

### 1.18. Upplýsingar um þóknun er Fjárfestingarsjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörlufélagi eða þriðja aðila

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs GAMMA greiða GAMMA Capital Management hf. umsjónarlaun fyrir rekstur sjóðsins sem er ákveðið hlutfall af eignum en mismunandi eftir deildum. Í rekstri hverrar sjóðsdeilda felast fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu deildarinnar, útreikningur á innlausnarvirði, umsýsla og eftirlit, reikningshald, þjónusta við eigendur o.fl. Umsjónarlaun eru reiknuð á ársgrundvelli en eru reiknuð daglega inn í gengi deildanna. Umsýslubóknun skal að hámarki vera 2,00% á ári af eignum sjóðsins en er nú skv. töflu að neðan.

Umsjónarlaun sjóðsdeilda	Umsýslubóknun
GAMMA: TRF	1,00%
GAMMA: EQF	1,50%
GAMMA: CRF	1,00%
GAMMA: CBF	0,90%
GAMMA: LIQUID	0,40%
GAMMA: GLOBAL INVEST	1,50%

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs GAMMA greiða GAMMA Capital Management hf. árangurstengda þóknun sem er hlutdeild af ávöxtun eigna sjóðsins. Vísað er til lið 1.17 um útreikning og uppgjör árangurstengdrar þóknunar.

Árangurstenging	Hlutdeild í ávöxtun umfram viðmið
GAMMA: TRF	10%
GAMMA: EQF	0%
GAMMA: CRF	0%
GAMMA: CBF	0%

# GAMMA

GAMMA: LIQUID	0%
GAMMA: GLOBAL INVEST	0%

GAMMA Capital Management hf. hefur samið við T Plús hf. um að vera vörslufyrirtæki GAMMA Capital Management hf. í samræmi við 20. til 22. gr. í lið C í lögum nr. 128/2011. Verksvið vörslufyrirtækis er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsdeilda og sinna eftirliti. Þóknun T Plús hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er ekki innifalin í umsjónarlaunum rekstrarfélagsins.

Í umsjónarlaunum er hvorki innifalinn beinn úttagður kostnaður vegna rekstrar Fjárfestingarsjóðs GAMMA né kostnaður vegna fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið endurkrefur Fjárfestingarsjóðinn um beinan úttagðan kostnað sem tengist starfsrækslu sjóðsins, nema annað sé tekið fram í reglum sjóðsins eða útgáfulýsingu þessari. Eftifarandi kostnaðarliðir eru samkvæmt ofangreindu bornir af sjóðnum (upptalningin er ekki tæmandi):

- Lögfræðipjónusta sem tengist starfsemi sjóðsins
- Þóknun vörslufyrirtækis
- Endurskoðun vegna sjóðsins
- Útgjöld vegna fjármálaeftirlits, gjöld sem greiða ber vegna fjármálaeftirlits og úttagður kostnaður vegna athugana og fyrirspurna eftirlitsaðila Áskriftir að verðbréfavísítölum, og sambærileg aðkeypt þjónusta
- Prentun útboðslýsinga, ársrekninga, og kynningarefnis
- Hugbúnaður sem nýttur er fyrir starfrækslu sjóða
- Fjármálakerfi, önnur en eignarstýringarkerfi
- Kynningarstarfsemi sjóðsins

Ef úttagður kostnaður tengist starfsrækslu fleiri en eins sjóðs er kostnaðinum skipt á milli þeirra hlutfallslega á grundvelli markaðsverðmætis þeirra.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004, um útdráetti úr útboðslýsingum verðbréfasjóða, ber að birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) og veltuhlutfall<sup>1</sup> verðbréfasjóðs þegar sjóður hefur verið starfræktur í a.m.k. eitt reikningsár. HKH jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Útreikningsaðferð HKH er staðfest af endurskoðanda sjóðs. Upphafspóknun er ekki innifalin í HKH. Fjárfestingarsjóður GAMMA er nýr sjóður og því hvorki hægt að reikna heildarkostnaðarhlutfall né veltuhlutfall. Sjóðurinn mun birta HKH og veltu sjóðsins að liðnu einu reikningsári.

<sup>1</sup> Veltuhlutfall felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er hlutfallið reiknað á eftifarandi hátt:  
Veltuhlutfall = [(Samtala 1 – Samtala 2)/M]\*100

Samtala 1 = Heildarvelta verðbréfa = X + Y

Kaup verðbréfa = X, Sala verðbréfa = Y

Samtala 2 = Heildarvelta hlutdeildarskírteina= S + T

Verðmæti útgefina hlutdeildarskírteina = S, Verðmæti innleystra hlutdeildarskírteina

M = Meðaltals hreindareign

## Upplýsingar um rekstrarfélag

### 2.1. Heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa

Rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA heitir GAMMA Capital Management hf., kt. 530608-0690, með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu að Garðastræti 37, 101 Reykjavík, Ísland.

### 2.2. Stofndagur

GAMMA Capital Management hf. var stofnað 1. júní 2008.

### 2.3. Aðrir sjóðir sem rekstrarfélagið annast rekstur á

Við útgáfu útgáfulýsingar þessarar annast GAMMA Capital Management hf., auk reksturs Fjárfestingarsjóðs GAMMA, rekstur Verðbréfásjóðs GAMMA (GAMMA: GOV, GAMMA: INDEX og GAMMA: LIQUIDITY), og fagfjárfestasjóðanna GAMMA: Iceland Fixed Income Fund, GAMMA: EQ1, GAMMA: ECLIPSE, GAMMA: CENTRUM, GAMMA: NOVUS, GAMMA: FX, GAMMA: Vatnsfall, GAMMA: GP, GAMMA: GEO, GAMMA: AGRI, GAMMA: Grunnvirk, GAMMA: H313, GAMMA: Ægisdyr, GAMMA: Vor, GAMMA: ABS, GAMMA: AKKUR, GAMMA: CPI, GAMMA: OPUS og GAMMA: Mellon.

### 2.4. Nöfn og staða stjórnar, varastjórnar og forstjóra rekstrarfélagsins auk upplýsinga um helstu störf utan rekstrarfélagsins

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir aðilar:

Nöfn stjórnarmanna	Kennitala	Starf utan stjórnar
<b>Stjórnarformaður</b>		
Gísli Hauksson	120776-4959	Framkvæmdastjóri GAMMA Capital Management Limited í London
<b>Meðstjórnendur</b>		
Hlíf Sturludóttir	200868-4479	Framkvæmdastjóri
Haukur Þór Hauksson	150874-5489	Aðstoðarframkvæmdastjóri
<b>Varamenn stjórnar</b>		
Sveinn Biering	141282-5149	Fjárfestir
Sigurgeir Örn Jónsson	280674-5919	Framkvæmdastjóri
<b>Forstjóri</b>		
Valdimar Ármann	211077-5579	

Hér að neðan má sjá nánari upplýsingar um menntun, starfreynslu og stjórnarsetu stjórnarmanna og varastjórnarmanna.

#### Um stjórnarmenn GAMMA Capital Management hf.:

**Gísli Hauksson, stjórnarformaður** (f. 1976), er með BA gráðu í hagfræði og með 16 ára reynslu af störfum á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Gísli starfaði áður sem Director Fixed Income Sales (skuldabréfaviðskipti og afleiður) hjá Kaupþingi á Íslandi frá 2006 til febrúar 2008, frá 2004-2006 var hann Director Fixed Income and FX hjá Kaupþingi í London og þar áður í skuldastýringu Kaupþings (Búnaðarbanka Íslands áður). Gísli lauk prófi í verðbréfaviðskiptum hér á landi árið 2001 og í London árið 2004.

**Hlíf Sturludóttir, meðstjórnandi (f. 1968)**, er viðskiptafræðingur og MBA. Hlíf lauk Cand. Oecon prófi í viðskiptafræði árið 1993 frá Háskóla Íslands og meistaraprófi í rekstrarhagfræði (MBA) frá University of Edinburgh Business School árið 2000. Hlíf hefur sinnt ýmsum stjórnunarstörfum, helst á sviði fjármála,

# GAMMA

eignastýringar og fjárfestinga og hún hefur öðlast víðtæka þekkingu á rekstri og ólíkum atvinnugreinum í gegnum starfsreynslu sína og stjórnarsetur. Hlíf hefur setið í stjórnnum félaga á Íslandi, Danmörku og Bretlandi. Frá árinu 2005 hefur hún starfað við fjárfestingar og eignastýringu.

**Haukur Þór Hauksson, meðstjórnandi (f. 1974)**, lauk viðskiptafræðiprófi, Cand. oecon, af reikningshalds- og endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1998. Þá hefur hann lokið löggindingarprófi í verðbréfaviðskiptum og hinu alþjóðlega ACI miðlunarprófi. Haukur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri afleiðusviðs þrottabús Kaupþings hf. og leiddi samningaviðræður og úrlausnir á því sviði. Á árunum 2004-2008 starfaði hann sem sérfræðingur í gjaldeyris- og afleiðumiðlun hjá Kaupþingi banka hf.

## Um varamenn í stjórn félagsins:

**Sigurgeir Örn Jónsson, varamaður í stjórn (f. 1974)** starfar hjá One Zero Capital í New York. Sigurgeir hefur víðtæka reynslu á fjármálamarkaði og starfaði m.a. hjá Bank of America 2004-2008 sem yfirmaður í „structured credit“ en þar áður hjá Kaupþingi frá 1996 til ársins 2004.

**Sveinn Biering Jónsson, varamaður í stjórn (f. 1982)** er stúdent frá Verzlunarskóla Íslands árið 2002 og með BS í Viðskiptafræði og Áhættustjórnun frá CASS Business School. Sveinn er m.a. í stjórn Norlax AS, Natural AS og auglýsingastofunni JL ehf og hefur áður verið í stjórn hjá Europcar og Rahbek Group AS.

**2.5. Nafn og heimilisfang löggiltro endurskoðenda rekstrarfélagsins**  
Endurskoðandi GAMMA Capital Management hf. er Gunnar Þorvarðarson, kt. 241082-4239, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur.

Innri endurskoðandi rekstrarfélagsins er PricewaterhouseCoopers (PwC) ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Gerður hefur verið sérstakur útvistunarsamningur vegna þessa og er umsjónarmaður verkefnisins af hálfu PwC er Jón H. Sigurðsson löggiltur endurskoðandi.

**2.6. Hlutafé og hve mikið hefur verið greitt**  
Innborgað hlutafé GAMMA Capital Management hf. er 33.859.000 kr. og hefur allt verið greitt með peningum.

## 3 Upplýsingar um vörslufyrirtæki

### 3.1 Heiti og félagsform

Vörslufyrirtæki Fjárfestingarsjóðs GAMMA heitir T Plús hf., kt.531009-1180. T Plús hf. er hlutafélag sem starfar samkvæmt lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

### 3.2 Skráð skrifstofa

Skráð skrifstofa T Plús hf. er Strandgata 3, 1. hæð, 600 Akureyri, Ísland.

### 3.3 Meginstarfsemi og hlutverk vörslufyrirtækis

T Plús er óháð þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í vörslu- og uppgjörsþjónustu verðbréfa, sjóðaumsýslu fyrir rekstraraðila og þjónustu varðandi lífeyrissparnað. T Plús hf. hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Hlutverk vörslufélags er m.a. umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsdeilda og eftirlit.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 128/2011 skal umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðs falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðsins fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila
4. tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum sjóðsins sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur hans.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 22. gr. laga nr. 128/2011.

## Aðrar upplýsingar

### 4.1 Tilgreining á starfsemi sem rekstrarfélagini hefur verið falið að úthýsa

Innri endurskoðun hjá GAMMA Capital Management hf. er í höndum PwC ehf.

Þá hefur GAMMA Capital Management hf. einnig ákveðið, að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins, að útvista til T Plús hf. tilteknun verkefnum sem talin eru upp í 2. og 3. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Nánar tiltekið er um að ræða:

- Umsjón með eigendaskrá hlutdeildarskírteina
- Útreikningur innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina samkvæmt lögum og reglum
- Uppgjör verðbréfaviðskipta
- Varsla hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti
- Útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina
- Eftirlit með fjárfestingarstefnu sjóða í rekstri hjá GAMMA Capital Management hf.

Félögin hafa gert með sér samning og skal GAMMA Capital Management hf. greiða T Plús hf. þóknun fyrir verkefnin og er hún greidd mánaðarlega.

Þá útvistar rekstrarfélagið rekstri upplýsingakerfa og tengdri þjónustu til Opinna Kerfa hf. og bókhaldspjónustu til Virtus ehf.

Þá hefur GAMMA Capital Management hf. gert útvistunarsamning við Lögmenn Lækjargötu ehf. um lögfræðiþjónustu og regluvörslu, sem staðfestur hefur verið af Fjármálaeftirlitinu.

### 4.2 Upplýsingar um aðila rekstrarfélags sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt fyrir er af eignum sjóðsins

GAMMA Capital Management hf. hefur ekki gert samning við utanaðkomandi aðila um neina tegund af ráðgjöf, fyrir utan ofangreinda útvistunarsamninga, en mun aftur á móti eins og önnur félög kaupa sérfræðiþjónustu af þar til bærum aðilum sé þess þörf.

### 4.3 Heimild í 38. gr. laga nr. 128/2011

Vakin er athygli fjárfesta á heimild í 38. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði til að binda með samþykki Fjármálaeftirlitsins allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

þannig er sjóðnum, samkvæmt reglum sjóðsins og samþykki Fjármálaeftirlitsins, heimilt að fjárfesta auknu hlutfalli af eignum sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum skv. 38. gr. laga nr. 128/2011, enda sé það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Heimild hverrar sjóðsdeildar takmarkast að þessu leyti af fjárfestingastefnu hverrar sjóðsdeildar þannig að GAMMA:TRF getur átt allt að 80% af eignum sínum í traustum verðbréfum, GAMMA: EQF allt að 75% og GAMMA: CRF allt að 50%. Nýti sjóðsdeildir fjárfestingarsjóðsins heimild þessa skulu fjárfestingar hverrar sjóðsdeildar dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur í samræmi við fyrirmæli laganna auk þess sem fjárfesting í sömu verðbréfaútgáfu

má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum viðkomandi sjóðsdeildar.

#### **4.4 Fyrri árangur sjóðsins**

Sjóðsdeildir GAMMA: LIQUID og GAMMA: CBF eru nýjar og upplýsingar um fyrri frammistöðu því ekki fyrir hendi.

Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)\*

	1 ár	2 ár	3 ár
GAMMA: TRF	29,6%	14,5%	16,6%
GAMMA: EQF	48,8%	24,7%	
GAMMA: CRF	6,3%	4,7%	

\*m.v. 30. október 2015.

Ávallt er rétt að vekja athygli fjárfesta á því að ávöxtun í fortíð er ekki vilyrði um ávöxtun í framtíð.

#### **4.5 Þóknun/kostnaður**

Fjárfestingarsjóður GAMMA greiðir GAMMA Capital Management hf. umsýslubóknun fyrir rekstur sjóðanna. Umsýslubóknunin er ákveðið hlutfall af eignum sjóðanna en hlutfallið er mismunandi eftir sjóðum. Umsýslubóknunin er greidd GAMMA Capital Management hf. til að standa straum af umsýslu ýmiss konar. Umsýslubóknunin reiknast af markaðsverðmæti eigna. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hver umsýslulaun sjóðsdeildanna eru.

Umsjónarlaun sjóðsdeilda	Umsýslubóknun
GAMMA: TRF	1,00%
GAMMA: EQF	1,50%
GAMMA: CRF	1,00%
GAMMA: CBF	0,90%
GAMMA: LIQUID	0,40%
GAMMA: GLOBAL	1,50%

Í umsjónarlaunum er hvorki innifalinn beinn útagður kostnaður vegna rekstrar Fjárfestingarsjóðs GAMMA né kostnaður vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið endurkrefur Fjárfestingarsjóði um beinan útagðan kostnað sem tengist starfsrækslu sjóðsins, nema reglur sjóðs kveði á um annað. Eftifarandi kostnaðarliðir eru samkvæmt ofangreindu bornir af sjóðnum (upptalningin er ekki tæmandi):

- Lögfræðiþjónusta sem tengist starfsemi sjóðsins
- Þóknun vörlufyrirtækis
- Endurskoðun vegna sjóðsins
- Útgjöld vegna Fjármálaeftirlits, gjöld sem greiða ber vegna fjármálaeftirlits og útagður kostnaður vegna athugana og fyrirspurna eftirlitsaðila
- Áskriftir að verðbréfávitölum, og sambærileg aðkeypt þjónusta
- Prentun útboðslýsinga, ársreikninga, og kynningarrefnis
- Hugbúnaður sem nýttur er fyrir starfrækslu sjóða
- Fjármálakerfi, önnur en eignarstýringarkerfi
- Kynningarstarfsemi

# GAMMA

Samkvæmt reglum sjóðsins áskilur GAMMA Capital Management hf. sér árangurstengda þóknun fyrir sjóðsdeild GAMMA: TRF sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins og nemur alls 10%. Nánar tiltekið reiknast þóknunin af mismun hreinnar eignar í upphafi og lok dags að teknu tilliti til kaupa og innlausna í sjóðnum. Árangurstengd þóknun er þannig færð til skuldar daglega, en er hins vegar einungis gerð upp ársfjórðungslega. Árangurstengd þóknun reiknast þó ekki af daglegri ávöxtun ef gengi sjóðsins er undir hæsta gengi sjóðsins (e. high watermark). „High water mark“ miðast gengi sjóðsins á þeim degi sem síðasta útgreiðsla árangursþóknunar miðast við, nema gengi sjóðsins sé lægra en við stofnun hans og er þá miðað við upphaflegt gengi sjóðsins sem „high water mark“.

Árangurstenging	Hlutdeild í ávöxtun
GAMMA: TRF	10%
GAMMA: EQF	0%
GAMMA: CRF	0%
GAMMA: CBF	0%
GAMMA: LIQUID	0%
GAMMA: GLOBAL	0%

## 4.6 Dómstólar og málafærli

Mál sem kunna að rísa vegna hlutdeildarskírteina skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Hvorki GAMMA Capital Management hf. né Fjárfestingarsjóður GAMMA eiga í málaferlum.

## 4.7 Upplýsingar og gögn skv. 53. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Hægt er að nálgast útboðslýsingu þessa ásamt öðrum gögnum sem vísað er í, endurgjaldslaust, á starfstöð GAMMA Capital Management hf. að Garðastræti 37, 101 Reykjavík, fyrir og eftir samningagerð. Þá verður útboðslýsing þessi, reglur sjóðsins og útdráttur úr útboðslýsingu birt á heimasíðu rekstrarfélagsins.

## Fylgiskjal 1 – Útdráttur úr lögum nr. 128/2011

### Útdráttur úr lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.  
Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,

b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða

c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

2. Nýutmónum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.

3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörlufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4. Innlanum fjármálfyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlanum fjármálfyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálfyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlan samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlanseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.

5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísítölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

# GΛΜΜΛ

6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísítölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7. Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

## 31. gr. Aðrar eignir.

Þráttr fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

## 32. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

## 33. gr. Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

## 34. gr. Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skyld að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhættu afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

# GΛΜΜΛ

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða

2. meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,

2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögd eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélagini eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögd eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr.  
Vísitölusjóðir.

# GΛΜΜΛ

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspeglar tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísítölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspeglar viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísítölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

## 37. gr. Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslistími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

## 38. gr. Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

## 39. gr. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

## 40. gr. Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,

# GΛΜΜΛ

3. 25% af hlutdeildarskíteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

41. gr.  
Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinn er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtimalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskíteina. Slik lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

42. gr.  
Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr.  
Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinn án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskíteina.

III. KAFLI  
Fjárfestingarsjóðir.  
57. gr.  
Tilvísanir í II. kafla.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskíteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A-D og H.

Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður”.

58. gr.  
Innlausn.

Hlutdeildarskíteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skyld að vekja sérstaka athygli viðskiptavinum á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskíteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskíteinum og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskíteinum krefjist. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinn. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

# GΛΜΜΛ

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnum sjóðum með sama hætti og getur í 2. mgr. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnum sjóðum með bréfi til hlutdeildarskírteinhafa eða öðrum sambærilegum hætti.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlásstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

## 59. gr. Fjárfestingarheimildir.

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.-43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.-7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda gilda eftifarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:

a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnunum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnunum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,

b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis,

c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,

d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnunum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%,

e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri bessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.

2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.

# GΛΜΜΛ

3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.

4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarféluginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

6. Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul.

7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálfyrirtæki.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.